

Alþingi
Skrifstofu Alþingis, nefndasviða
150 Reykjavík
www.althingi.is

EFNI: **UMSÖGN** um frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla nr. 91/2008 (kristinfræðikennsla), 141. mál, á 151. Lögjafarþingi 2020-2021. Þingskjal 142. Efni skjals: Tillaga um breytingu á lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er snýr að kristinfræðikennslu. Þingskjalið er á vef Alþingis: <https://www.althingi.is/altext/151/s/0142.html>.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 9. mars 2021 á netfangið nefndasvid@althingi.is.

Meginefni tillögunnar: 11 þingmenn úr Miðflokknum og Sjálfstæðisflokki leggja til eina breytingu á lögum um grunnskóla sem komi í 2. mgr. 25. gr. laganna og felist í því að á undan orðinu „trúarbragðafraeði“ sem nú er í lögnum komi orðin „kristinfræðifraeði og“.

Meginefni tillögunnar er þannig að skilgreina skýrar í lögnum að grunnskólanemendur skuli fá kennslu í kristinfræði sérstaklega og að kennslugreinin „trúarbragðafraeði“ dugi ekki til þess. Tillögunni fylgir þá greinargerð sem kynnir ágætlega, í stuttu máli, þær breytingar sem hafa orðið á hlut kristinfræðikennslu í grunnskólum með tilliti til framsetningar námsgreinarinnar í aðalnámskrám á hverjum tíma. Meginefni þessarar greinargerðar er að með aðalnámskrá grunnskóla árið 2011 hafi námsgreinin breyst og kristinfræði fái ekki sérstakt rými í grunnskólanáminu þar sem nú sé hún hluti af námsgreininni „trúarbragðafraeði“, sem er skilgreint viðfangsefni innan námssviðsins samfélagsgreinar. Sögulega og menningarlega séð séu það mistök að minnka þátt kristinfræðinnar í grunnskólanum sökum þess að saga og menning Íslendinga sé órjúfanlega tengd kristni en slíkt sjáist ekki nægjanlega í grunnskólastarfinu í dag með þessari breytingu á aðalnámskránni 2011. Með lagabreytingunni sem frumvarpið geri ráð fyrir eigi síðan að breyta aðalnámskránni í samræmi við það. Þá er sérstaklega í greinargerðinni bent á að vandinn á minnkun kristinfræðikennsluna sé í sjálfu sér ekki innbyggt í lögini heldur frekar að aðalnámskráin árið 2011 minnkaði umfang þeirra viðfangsefna sem tilgreina námssviðinu samfélagsgreinar miðað við þær námsgreinar sem voru skilgreinar undir því námssviði miðað við þann tímafjölda sem þær höfðu sem námsgreinar áður en tilheyra nú undir námssviðinu samfélagsgreinar.

Eftirfarandi er umsögn um frumvarpstillöguna.

Umsögn

Umrædd tillaga að lagabreytingu á lögum um grunnskóla verður líklega að svara í nokkrum lögum eða þáttum þar sem hún tekur ákveðið viðfangsefni til umfjöllunar sem á fleiri en eitt sjónarhorn til að skoða. Þess vegna tekur umfjöllunin hér hvert þessara sjónarhorna til umræðu. Þau eru:

1. Kristinfræði- og trúarbragðafraeðikennsla en ekki bara trúarbragðafraeðikennsla.
2. Aukin kennsla í samfélagsgreinum.
3. Þáttur menningarinnar í kennslu grunnskólanna.

1 Kristinfræði- og trúarbragðafræðikennsla en ekki bara trúarbragðafræðikennsla.

Það er ljóst að kristinfræðikennsla hefur verið stór hluti af kennslu og námi í grunnskóla allt frá því að barnafræðsla hófst á Íslandi og eiginlega verið afleitt verkefni af fermingarundirbúningi barna fyrr á öldum, þ.e. að geta við fermingu lesið ritninguna svo lestur, kristinfræði, og síðar stærðfræði, voru upphaflega námsgreinar í íslenska barnaskólakerfinu. Alla 20. öldina sem formlegt barna-/grunnskólastarf hefur verið hafa kristinfræði verið sérstök námsgrein í grunnskólunum og það er fyrst árið 2011 að hún er ekki nefnd sem sérstök námsgrein. En það líka við um fleiri námsgreinar með tilkomu hugtaksins námssviðs í þeirri aðalnámskrá.

Almennt má segja að kristinfræðikennsla í íslenskum hafi í upphafi verið hugsuð sem nokkurs konar kirkjufræðsla eða stuðningur við kirkjulegt starf. Á þeim fosendum var gefinn undanþágumöguleiki frá þátttöku í þessari kennslugrein í grunnskólum á tímabili – sem einkunn virtist nýtt af meðlimum Votta Jehóva. Í vestrænum samfélögum hófst á síðari hluta 20. aldar mikil breyting á kennslu sem tengdist trúarbrögðum og viðfangsefnið trúarbragðafræði hóf innreið sína sem ný námsgrein. Hún skyldi taka við af kristinfræðikennslu, eða jafnvel komu sjónarmið um val á milli kristinfræðikennslu (trúaðir) eða lífsskoðanakennslu (fyrir guðleysinga eða trúlausa) sem voru t.d. mikið rædd í Noregi og jafnvel komið á án þess að slíkt getið verið staðfest hér. Þessi umræða var aldrei mikil á Íslandi og líklega má segja að umræðan um trúarbragðafræðikennslu hafi komið seint til á Íslandi miðað við önnur Vesturlönd. Vestræna þróunin, þ.e. að búa til eina námsgrein utan um alla trúarbragðafræðslu frekar en kristinfræði eingöngu, virðist vera hluti af samfélagsbreytingum innan vestrænna samfélaga um að það þyrfti að búa til hlutlæga, almenna námsgrein um málefni lífsskoðana og trúarbragða (trúarbragðafræði) frekar en sérhæfða (kristinfræði aðallega). Það væri til að virða ólík sjónarmið og lífsskoðanir sem væru orðin mun margbreytilegri á Vesturlöndum en áður. Og á sama tíma væri skólakerfið, sem vettvangur allra óháð trúarbragðaskoðunum og lífsskoðunum, aðili til að miðla skilningi, umburðarlyndi byggða á hlutlægum staðreyndum um einstök trúarbrögð sem ynni þá gegn fordómum og kúgun. Á móti því yrðu einstaka trúarhópar að annast sína sérstöku fræðslu sjálf, sbr. fermingarfræðslu í íslensku þjóðkirkjunni og sambærilega fræðslu sem tengist borgaralegri fermingu á vegum Síðmenntar. Það virðist vera nokkur sátt í vestrænum samfélögum um þessa almenn leið sem farin hefur verið og hún teljist vera hluti af lýðræðislegri, vestrænni hefð sem hefur verið að mótast síðustu aldirnar. Erfitt er að sjá að hverfa eigi frá þessari leið og fara í eldra skipulag í sjálfu sér, þ.e. eingöngu kristinfræðikennslu. Hvort að kristinfræði fái ónóg vægi í námsgreininni trúarbragðafræði er óljóst að telja verður og það fyrirkomulag sem nú ríkir getur í sjálfu sér fært næga kristinfræðikennslu þótt undir formerkjum trúarbragðafræðslu sé. Út frá jafnræðissjónarmiðum í lýðræðissamfélagi, óháð sögulegum forsendum, sé eðlilegt að ein trúarbrögð fái ekki hærri stöðu í almennu skólastarfi en almenna viðkvæðið.

Hafa ber í huga að tillaga frumvarpsins virðist ekki gera ráð fyrir að horfið verði frá þessari leið sem nú er lögð, þ.e. að leggja niður trúarbragðafræðikennslu í grunnskólum og taka upp kristinfræðikennslu eingöngu. Frekar er að gerðar eru athugasemdir við framkvæmdina og lýtur þá meira að samfélagsgreinum í heild sinni. Það eru áhyggjur sumra samt að við þessar breytingar að þekkingu grunnskólanemenda á kristindómi hafi minnkað sökum þess að kennsla í öðrum trúarbrögðum tekur tíma (einnig frá kristinfræðifræðslu) án þess að vera slæm í sjálfu sér. En fyrir vikið er mjög líklegt að þekking á kristindómi minnki við það að þekking á öðrum trúarbrögðum hafi vonandi aukist. Svo áhyggjur þeirra sem lögðu fram frumvarpið snúa að því að það minnkaði tími til kennslu samfélagslegra viðfangsefna í aðalnámskránni frá 2011 og hann kemur niður á einhverju, t.d. kennslu í kristnum fræðum. Það vísar til næsta þáttar.

2 Aukin kennsla í samfélagsgreinum

Þannig er hluta tillögunnar í frumvarpinu einnig beint á að kennslumagn í grunnskólum skipti máli. Þannig sé vandinn sem snúi að lítilli kennslu í kristinfræði ekki að kristinfræði sé ekki viðurkennd heldur að viðfangsefni sem falli undir samfélagsgreinar, kristinfræði þar tengd trúarbragðafræði, fái of lítinn tíma til kennslu og hafi í reynd minnkað frá því áður. Og er réttmæt athugasemd.

Kennslumagn í námsgreinum ræðst af tímaúthlutun sem tímamagn til kennslu í viðfangsefnum grunnskólastarfsins. Þessi tími er skilgreindur í því sem nefnt er viðmiðunarstundaskrá sem er hluti af aðalnámskrá hvers tíma í grunnskólum, í aðalnámskránni frá 2011 í mínútum á viku sem áður var skilgreint í kennslustundum sem hver var 40 mínútur. Samfélagsgreinar fá í aðalnámskránni 2011 11,46% kennslutímans í grunnskólum. Líklega má segja það mestu breytingar í aðalnámskránni árið 2011 frá fyrri aðalnámskrá (1999) voru að (a) tímamagn til kennslu í samfélagsgreinum („Undir þær heyra m.a. samfélagsfræði, saga, landafræði og þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál og siðfræði ásamt heimspeki.“ Aðalnámskrá grunnskóla 2011, bls. 52) minnkaði umtalsvert, og sérstaklega ef talið er með að ný viðfangsefni bættust þar formlega við þá eins og jafnréttisfræðsla, siðfræði- og heimspekikennsla, og (b) sviðslistir (dans og leiklist) voru gerðar að sérstöku viðfangsefni innan listgreina. Því verður að telja, almennt séð, að viðfangsefni sem tilheyrðu ýmsum námsgreinum undir hatti samfélagsgreina hafi fengið minni tíma í kennslu eftir breytingarnar, m.a. kennsla í kristinum fræðum hvort heldur hún falli undir námsgreinina „trúarbragðafræði“ eða „kristin fræði og trúarbragðafræði“ skiptir ekki máli. Það má líka segja um ýmis önnur viðfangsefni hér, t.d. landafræði og sögu. Þetta er þó ekki að öllu leyti ljóst í reynd því hver skóli hefur hér möguleika til að skapa sér áherslur svo það getur verið mismunandi milli einstakra skóla um vægi einstakra viðfangsefna innan námssviðsins samfélagsgreinar. En ekki er ólíklegt, eða mjög líklegt, að fræðsla um kristindóm hafi minnkað talsvert þótt upplýsingar um slíkt skorti í dag.

Greinargerðin með frumvarpinu bendir vel á það mikilvægið sem viðmiðunarstundaskráin er. Hún er einn helsti ákvörðunarþáttur um framkvæmd grunnskólastarfs. Gildi hennar er mikið þótt sumir vilji í reynd kasta henni út og leyfa einstaka skólum og sveitarfélagarfélögum að ákveða sjálf vægi eða magn kennslu í einstaka námssviðum. Aðrir leggjast gegn því og álíta að þar með komi of mikill tilviljana- og geðþóttaþáttur sem vinni gegn jafnrétti í skólastarfi og hugmyndinni um sameiginlega grunnenntun. Aðalnámskráin 2011 er líklega þó ekki með mestu breytinguna á viðmiðunarstundaskrá og sumar fyrri aðalnámskrá hafi komið með róttækari áherslur eða breytingar, t.d. aðalnámskráin frá árinu 1999. Það breytir því ekki að viðmiðunarstundaskráin er stór þáttur aðalnámskrár og ræður miklu um kennslumagn í einstaka námsgreinum grunnskólans. Líkt og bent er á í greinargerðinni með frumvarpinu og hafi í þessu tilviki haft áhrif til minnkunar á fræðslu í kristnum fræðum í grunnskólum án þess að vera að setja út á aðra kennslu í sjálfu sér. Sem er ekki dregið í efa hér. Það verður almennt að telja, út frá viðfangsefnum, sögu o

Það er nokkur vandi á höndum í því að setja fram sjónarmið um það hvað sé rétt vægi á kennslumagni einstakra námsgreina og námssviða í grunnskólum. Það má segja að það sé eitt stærsta pólitíska verkefnið sem mætir löggjafanum á hverjum tíma varðandi áhrif sín á skólastarf. En það er reyndar ekki löggjafinn (Alþingi) sem breytir viðmiðunarstundaskránni heldur framkvæmdavaldið (ráðuneyti menntamála og ráðherra málaflokksins). Viðmiðunarstundaskráin er hluti aðalnámskrár og þar er rétt um mikilvægi menningarinnar í grunnskólastarfinu og rétt er að víkja frekar að.

3 Þáttur menningarinnar í kennslu grunnskólanna

Almennt má telja að þáttur menningar í daglegu skólastarfi sé hluti spennu gagnstæðra póla, sem þurfi samt að ná jafnvægi á milli, þ.e. spenna milli hefðar (menningarsaga) og nýbreytni (nýsköpun menningar). Það þurfi á sérhverjum tíma að fást við hversu mikil áhersla skuli leggja á hefð og hve

mikið á breytingar. Það á einnig við um kristindómsfræðslu sem er augljóslega hluti menningar líkt og greinargerð frumvarpsins vísar til. Nýsköpunin sem hefur átt sér stað er upptaka trúarbragðafræðslu í íslenskum grunnskólum í stað námsgreinarinnar kristin fræði. Að sumu leyti má sjá að höfundar frumvarps viðkenni þetta samspil þótt þeir vilji með framlagi sínu setja meiri áherslu á menninguna (kristindómsfræðsluna) þar sem of mikil áhersla hafi verið á nýbreytnina (trúarbragðafræði) og hefðin aðeins gleymst. Það vill gjarnan gerast á tímum mikilla samfélagsbreytinga – sem núna gætu tengst hnattvæðingu, hnattrænni hlýnun, fólksflutningum um allan heim (því heimurinn hefur skroppið saman undanfarið sem aldrei meir) með ferðalagi trúarbragðaskoðana sömuleiðis og nýbreytni-viðhorfa sem af þessum samfélagsbreytingum verða í vestrænum samfélögum. Svo umræðan um kristindómsfræðslu og trúarbragðafræðslu virðist vera augljóst dæmi um spennu milli hefðar og nýbreytni í uppeldisfræðilegum skilningi. Þar skiptir jafnvægi miklu, líkt og sagan bendir á – þótt hún virðist líka sýna að það sé erfitt að læra af öðrum, maður þurfi alltaf að lenda í vanda/mistökum sjálfur til að leysa mál þar sem lausnir annarra duga sjaldnast manni sjálfum til að læra af, því miður líkt og sagan virðist stöðugt endurtaka). Skólastarf snýst um jafnvægi á milli hefðar og nýsköpunar.

Niðurstaða umsagnar

Eftirfarandi er samantekt umræðunnar út frá umsögninni hér framar:

1. Trúarbragðafræðsla er mikilvægt viðfangsefni í námi í grunnskólum í dag, með það að markmiði að auka þekkingu nemenda á ólíkum trúarbrögðum og lífsskoðunum, m.a. til að auka vísýni og draga úr fordómum/ hleypidómum svo skólastarf hverfist um umburðarlyndi og sátt í samskiptum óháð öllu öðru.
2. Hvort að kristinfræðikennsla fái sérstakt heiti í lögum og aðalnámskrá til viðbótar við regnhlífarhugtakið trúarbragðafræðsla er ekki tekin afstaða til þess hér því fræðslan um kristindóm í grunnskólum getur verið jafnmikil undir hvoru viðfangsefninu sem er og óljóst hvort að sér áhersla á sérstakt heiti, kristinfræði, bæti einhverju þar við.
3. Hvort gefa eigi kristindómsfræðslu umfram önnur trúarbrögð sérstakt vægi í trúarbragðafræðslu í grunnskólum, í þessu tilviki meira magnvægi sökum menningarlegrar skírskotunar um sögu og áhrifa kristindóms og kirkju á Íslandi, má almennt segja að gæta verður að ákveðnu jafnvægi í umfjöllun (hefð og nýbreytni) svo engin sjónarmið verði meira yfirráðandi en önnur hvað sem líður meirihlutasjónarmiðum nemenda varðandi trú og lífsskoðanir. Afl trúarskoðana fer ekki eftir atkvæðafjölda líkt og lýðræðið og það eru ekki síst viðhorf minnihluta á hverjum tíma sem þarfnast verndar.
4. Í íslensku grunnskólanámi er ekki óeðlilegt að þáttur íslenskrar menningar, sérstaklega íslenskt tungumál og saga, fái eðlilegt rými í skólastarfinu og það sé samfélagsleg ákvörðun um hverjar þær áherslur verði á hverjum tíma. Það á einnig við um kristinfræðifræðslu.
5. Því verður ekki svarað beint í þessari umsögn hvort auka eigi hlut kristindómsfræðslu í námi í trúarbragðafræðum grunnskólanna er samt bent á mikilvægi þess að auka beri hlut samfélagslegra viðfangsefna í grunnskólastarfi sem nái einnig til trúarbragðafræðslu og kristindómsfræðslu. Trú og lífsskoðanir eru mikilvæg viðfangsefni í grunnskólastarfi án undanþágumöguleika. Það er meginniðurstaða þessarar umsagnar.

Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla á skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar, vann umsögnina.

Hafnarfirði 5. mars 2021.



F.h. mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar Fanney Dóróthe Halldórsdóttir, sviðsstjóri